




Akraneskaupstaður

STARFSHÓPUR UM SAMRÁÐ
OG STEFNUMÓTUN
ALDRAÐRA
Lokaskýrsla

Desember 2017



INNGANGUR

Á 3196. fundi bæjarráðs þann 24. nóvember 2016 var samþykkt erindisbréf vegna skipunar starfshóps um samráð og stefnumótun aldraðra. Bæjarráð skipaði eftirtalda fulltrúa í starfshópinn:

Fulltrúar Akraneskaupstaðar

- Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir, formaður, jafnframt formaður velferðar- og mannréttindaráðs
- Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

Fulltrúar FEBAN:

- Jóhannes Finnur Halldórsson, formaður
- Júlíus Már Þórarinsson, varaformaður

Jafnframt yrði Laufey Jónsdóttir, verkefnisstjóri heimaþjónustu ráðgefandi við starfshópinn.

Þann 31. mars 2017, sögðu Jóhannes Finnur þá fráfarandi formaður FEBAN og Júlíus Már þá fráfarandi varaformaður FEBAN sig úr starfshópnum. Fulltrúar Akraneskaupstaðar í starfshópnum óskuðu eftir áframhaldandi samstarfi við FEBAN og tilnefningu frá þeim um aðra fulltrúa í starfshópinn. Nýir fulltrúar FEBAN voru tilnefndir 23. júní 2017, þeir Viðar Einarsson, formaður FEBAN og Jóhannes Ingibjartsson, varaformaður FEBAN.

Steinunn Sigurðardóttir var ráðinn sem verkefnastjóri starfshópsins í júní 2017.

Starfshópurinn starfaði samkvæmt erindisbréfi sem bæjarráð setti honum, sjá nánar fylgiskjal 1.

Meginverkefni starfshópsins verður eftirfarandi:

- félagsstarf eldri borgara
- búsetuúrræði fyrir eldri borgara
- þjónusta við eldri borgara
- samráð við eldri borgara

Samkvæmt erindisbréfi hafði starfshópurinn m.a. eftirfarandi efni til hliðsjónar í sínu starfi:

- Mótun stefnu í þjónustu við aldraða. Velferðarráðuneytið 2016
- Framtíðarskipulag í þjónustu við eldri borgara á Akranesi. Skýrsla 2012
- Reglugerð um framkvæmdasjóð aldraðra nr. 1/2011
- Útgefið efni sem tengist þjónustu eldri borgara í Tønder kommune í Danmörku

Auk þess hafði starfshópurinn til hliðsjónar í vinnu sinni annað útgefið efni í tengslum við málefni aldraðra s.s:

- Stefnumótun í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða mars 2016;
- Tillögur starfshóps til heilbrigðisráðherra um stefnumótun í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða til ársins 2035.
- Upplýsingar frá Reykjavíkurborg um aldursvænar borgir,
- Niðurstöður íbúðingis um farsæl eftir ár á Akranesi sem haldið var 27. september 2017
- Stefnu í þjónustu við aldraða til næstu ára – félagsmálaráðuneytið 2016.

Starfstími hópsins samkvæmt erindisbréfi er eitt ár eða frá 1. desember 2016 til 1. desember 2017, vinnan hófst í desember 2016 og haldnir voru alls 14 fundir. Starfshópurinn stóð einnig fyrir íbúðingis um farsæl eftir ár þann 27. september 2017. Íbúðingis var haldið í samstarfi við Ingrid Kuhlman sem var þingstjóri og skýrsluhöfundur, sjá fylgiskjal 2

TILLÖGUR STARFSHÓPS UM STEFNUMÓTUN OG SAMRÁÐ VIÐ ALDRADA

1. Félagsstarf eldri borgara

1.1 Hlutverk starfshóps

„Kanna hvaða húsnæði væri hægt að nýta fyrir félagsstarf samhliða og/eða í staðinn fyrir núverandi aðstöðu að Kirkjubraut, þar til mál skýrast með Dalbraut 4.“

Tillögur starfshóps til úrlausnar

Fulltrúar FEBAN, Jóhannes Ingibjartsson og Viðar Einarsson, segja engin áform uppi innan FEBAN um breytingar á skipulagi félagsstarfs á þessu stigi máls. Þar sem ekki er vitað til þess að flytja þurfi starfsemina úr Kirkjubraut 40 á næstunni og 6 mánuðir gefast til lausnar málsins, komi til uppsagnar á húsnæðinu, telja þeir enga ástæðu til þess að leita annars húsnæðis nú eða samhliða starfseminni hvað FEBAN varðar.

Fulltrúar Akraneskaupstaðar telja að hægt sé að nýta húsnæði Akraneskaupstaðar samhliða núverandi aðstöðu að Kirkjubraut 40 þar til mál skýrast með Dalbraut 4.

Í umræðu á íbúáþingi um farsæl efri ár á Akranesi, kom fram að nýta megi húsnæði bæjarins í auknum mæli undir félags- og tómstundastarf fyrir aldraða á vegum Akraneskaupstaðar.

Ábyrgðaraðili

Velferðar – og mannréttindasvið, sviðsstjóri

Bæjarstjóri semji um afnot húsnæðis innan bæjarkerfisins.

1.2 Hlutverk starfshóps

„Samstarf við skipulags- og umhverfisráð varðandi hugsanlega uppbyggingu á þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara á Dalbrautarreit.“

Tillögur starfshóps til úrlausnar

Deiliskipulag gerir ráð fyrir að þjónustumiðstöð rísi á Dalbraut 4 og einróma viljayfirlýsing bæjarstjórnar við samþykkt þess lýsir ákveðnum áformum hennar um byggingu slíkrar miðstöðvar. Mikilvægt er að við hönnun þjónustumiðstöðvar að Dalbraut 4 verði fulltrúum eldri borgara tryggð umsagnaraðild á öllum stigum hönnunar. Jafnframt verði tryggt að horft verði til jafnræðis í kynjahlutfalli fulltrúa.

Unnin var þarfagreining af fulltrúum í samráðshópi Akraneskaupstaðar og FEBAN vegna fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar að Dalbraut 4 á árinu 2016. Samráðshópurinn skilaði til bæjarráðs „Greinargerð samráðshóps Akraneskaupstaðar og Félags eldri borgara á Akranesi og nágrenni“ í október 2016.

Ábyrgðaraðili

Skipulags- og umhverfissvið, sviðsstjóri

Verklök: Desember 2018

1.3 Hlutverk starfshóps

„Samráð við velferðarráðuneyti varðandi umsókn um styrk til stofnunar félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara úr framkvæmdasjóði aldraðra.“

Tillögur starfshóps til úrlausnar

Starfshópurinn leggur til að umsókn verði send í framkvæmdasjóð aldraðra þegar öll formleg gögn liggja fyrir sem krafa er gerð um samkvæmt umsóknarformi. Á þetta m.a. við um samþykktu hönnun, sundurliðaða kostnaðaráætlun undirritaða af hönnuði, sundurliðun verkliða, lýsing á fyrirhugaðri fjármögnun, yfirlýsing sveitarfélagsins um að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við áætlanir þess um uppbyggingu á þjónustu fyrir aldraða.

Ábyrgðaraðili

Sviðsstjórar skipulags- og umhverfissviðs og velferðar – og mannréttindasviðs ásamt bæjarstjóra og bæjarstjórn.

Verklök: Umsóknarfrestur áætlaður janúar/febrúar 2019

2. Búsetuúrræði fyrir eldri borgara

2.1. Hlutverk starfshóps

„Kanna þörf á búsetuúrræðum fyrir eldri borgara á Akranesi.

Tillögur starfshóps til úrlausnar

Fyrirhugað er að Akraneskaupstaður endurskoði og setji sér húsnæðisáætlun sem dregur fram mynd af því hver staða húsnæðismála er í sveitarfélaginu. Greini framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum og setja fram áætlun um hvernig Akraneskaupstaður ætlar að mæta húsnæðisþörf heimila, bæði til skemmri og lengri tíma.

Starfshópurinn leggur til að mat á þörf á búsetuúrræði fyrir eldri borgara á Akranesi verði hluti af heildarendurskoðuninni.

Starfshópurinn leggur áherslu á rétt aldraðra til sjálfstæðrar búsetu, sjálfræðis, félagslegs og efnahagslegs sjálfstæðis.

Leitað verði leiða til að lágmarka stofnanavist (hjúkrunarheimili) og stefnt að því að 85% þeirra sem eru 80 ára og eldri geti búið í eigin húsnæði eða núverandi húsnæði.

Ábyrgðaraðili

Velferðar – og mannréttindasvið, sviðsstjóri

Stjórnsýslu- og fjármálasvið, sviðsstjóri

Skipulags- og umhverfissvið, sviðsstjóri

Verklök: Apríl 2018

3. Þjónusta við eldri borgara

3.1 Hlutverk starfshóps

„Fjalla um stöðu heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Tillögur starfshóps til úrlausnar

Skoða hvort rétt sé að leggja til að félagsleg heimaþjónusta, dagdvöl, heimahjúkrun og hvíldarinnlagnir verði sameinað, sem tilraunaverkefni, undir eina yfirstjórn hjá Akraneskaupstað

Ábyrgðaraðili

Bæjarstjóri

Verklök: Mars 2018.

Tillögur starfshóps til úrlausnar

Yfirfara og endurmeta samþættingu og samstarf félagsþjónustu, dagdvalar, heimahjúkrunar og hvíldarinnlagna með það að markmiði að þjónustan taki mið af þörfum hvers einstaklings. Aukin teymisvinna verði innleidd í þjónustuna.

Ábyrgðaraðili

Velferðar – og mannréttindasvið, sviðsstjóri en verkefnið verður unnið í samstarfi við verkefnastjóra heimaþjónustu, fulltrúa frá Höfða og HVE.

Verklök: Mars 2018

Tillögur starfshóps til úrlausnar

Endurmeta þörf fyrir stuðningsþjónustu til næstu ára, með hliðsjón af mannfjöldaspá. Áætlunin geri ráð fyrir að framboð á þjónustu verði nægjanlegt. Leggja fram kostnaðaráætlun.

Samstarfs verði við HVE um endurmat á þörf fyrir viðtöl við 75/80 ára og eldri m.t.t. stuðningsþjónustu og heilsufars. Leggja fram kostnaðaráætlun.

Nýjasta tækni verði ávallt til staðar fyrir starfsmenn sem sinna heimaþjónustu til að tryggja trúnað, samfellu og gæði þjónstunnar. Gerð verði kostnaðaráætlun varðandi tölvu og hugbúnaðarkaup.

Gæðaviðmið verði sett fyrir þjónustuna. Mæling verði framkvæmd a.m.k. tvisvar á ári og gerðar úrbætur ef þarf. Niðurstöður verði bornar saman við viðmiðunar sveitarfélög.

Setja fram endurmenntunarstefnu fyrir starfsfólk með það að markmiði að auka stöðugleika og hæfni starfsfólks.

Ábyrgðaraðili

Velferðar – og mannréttindasvið, sviðsstjóri

3.2 Hlutverk starfshóps

„Fjalla um tengsl ríkis og sveitarfélaga er varðar málefni eldri borgara.“

Tillögur starfshóps til úrlausnar

Á Íbúáþingi um farsæl efri ár á Akranesi komu fram ábendingar um ýmis hagsmunamál aldraðra (sjá nánar fylgiskjal 2). Starfshópurinn leggur til að fulltrúar sveitarfélagsins í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar fjalli um og vinni að eftirfarandi málum:

- ✓ Yfirfærsla málaflokksins til sveitarfélaganna
- ✓ Almannatryggingakerfið einfaldað og réttindi aldraðra betur skilgreind.
- ✓ Greinargóðar og aðgengilegar upplýsingar um rétt einstaklingsins og úrræði á einum stað
- ✓ Upplýsingavefur um öldrun og aldraða - miðlægur
- ✓ Réttindagæsla aldraðra – umboðsmaður aldraðra
- ✓ Fjárhagsstaða hjóna/sambúðarfólks getur skertsts umtalsvert þegar annar aðilinn flytur á hjúkrunarheimili. Finna þarf lausn á þessu máli.
- ✓ Lækka álögur á eldri borgara s.s. fasteignagjöld, holræsagjöld, bókasafn, heilsurækt, samgöngur
- ✓ Hætta að skattleggja fólk um 80 ára aldur
- ✓ Gefa 70+ tækifæri til að vinna og/eða sinna sjálfboðaliðastörfum og/eða samfélagsverkefnum við hæfi
- ✓ Virkja krafta eldri borgara sem er verðmæt auðlind.

Ábyrgðaraðili

Bæjarstjóri í samstarfi við forseta bæjarstjórnar

4. Samráð við eldri borgara

4.1 Hlutverk starfshóps

„Að setja fram skoðun um hvernig hann sér heildarþróun í málefnum eldri borgara á Akranesi og nágrenni á næstu árum og til lengri framtíðar. Á hvað þarf að leggja áherslu í þjónustu opinberra aðila og hvernig sjáum við virkni og heilbrigði eldri borgara verði best fyrir komið í bráð og lengd.“

Tillögur starfshóps til úrlausnar

Starfshópurinn telur að það verkefni að setja fram skoðun um hvernig hann sér heildarþróun í málefnum eldri borgara á Akranesi og nágrenni á næstu árum og til lengri framtíðar, sé það umfangsmikið að það rúmist ekki innan tímaramma starfshópsins.

Að öðru leyti leggur starfshópurinn til þessu tengt:

- Meta hvort rétt sé að allt frístunda- og forvarnarstarf á vegum Akraneskaupstaðar verði undir einni stjórn þar með talið frístunda- og forvarnarstarf í þágu aldraðra.
- Setja fram stefnu um forvarnir, heilsueflingu og virkni sem nái til 67 ára og eldri. Stefnan verði endurskoðuð á 3ja ára fresti.
- Setja fram stefnu um endurhæfingu í samstarfi við HVE sem miði að því að einstaklingurinn haldi virkni og geti búið í eigin húsnæði sem lengst. Stefnan verði endurskoðuð á 3ja ára fresti
- Endurmeta fjármagn sem fer til félagsstarfs eldri borgara til næstu ára, með hliðsjón af mannfjöldaspá. Leggja fram kostnaðaráætlun.
- Innan félagsþjónustunnar starfi „þjónustustjóri“ sem leiðbeini einstaklingum um þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins og ríkisins.
- Framkvæma könnun um frístunda- og félagsstarf eldri borgara. Setja fram stefnu um frístunda- og félagsstarf sem verði endurskoðuð reglulega.
- Skoða samgöngumál (strætó) með þarfir eldri borgara í huga s.s. varðandi innkaup, frístunda- og félagsstarf og til að sækja opinbera þjónustu.

Ábyrgðaraðili

Velferðar – og mannréttindasvið, sviðsstjóri í samstarfi við stjórnsýslu– og fjármálasvið, skóla- og frístundasvið og skipulags- og umhverfissvið.

Verklök: Desember 2018

4.2 Hlutverk starfshóps

„Skili af sér tillögum um stofnun þriðju kynslóðar ráðs (öldungaráðs), sem verði bæjarstjórn til ráðgjafar.“

Tillögur starfshóps til úrlausnar

Tillaga að samþykkt fyrir öldungaráð Akraness var samþykkt á fundi starfshópsins 15. nóvember 2017, sjá fylgiskjal 3. Tillagan tekur mið af ákvæðum í frumvarpi til breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. Annað

Niðurstöður Íbúáþings um farsæl efri ár á Akranesi falla vel að hugmyndafræði og vinnulagi sem þróað hefur verið með verkefninu „Aldursvænar borgir“. Starfshópurinn leggur til að áframhaldandi vinna við heildarþróun í málefnum eldri borgara verði byggð á þeirri hugmyndafræði og niðurstöðum íbúáþingsins.

Aldursvænar borgir eða Global Network of Age Friendly Cities er verkefni sem Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur starfrækt, en markmiðið er m.a. að leita lausna á því hvernig hægt er að gera borgir aðgengilegri og hentugri fyrir eldri íbúa. Starfshópurinn leggur til að skoðað verði hvort Akraneskaupstaður sækir um að vera þátttakandi í þessu verkefni og líti þannig á að með þátttöku í verkefninu „Aldursvænar borgir“ verði Akraneskaupstaður, enn betra sveitarfélag til að búa í fyrir alla íbúa og aldurshópa.

Aldursvænar borgir:

1. Útisvæði og byggingar (outdoor spaces and buildings)
2. Samgöngur (transportation)
3. Húsnæði (housing)
4. Félagsleg þátttaka (social participation)
5. Virðing og samfélag án aðgreiningar (respect and social inclusion)
6. Virk samfélagsþátttaka og atvinnuöguleikar (civic participation and employment)
7. Samskipta og upplýsingamiðlun (communication and information)
8. Félags- og heilbrigðisþjónusta (community support and health services)

NIÐURSTÖÐUR

Helstu niðurstöður starfshópsins eru þessar:

- FEBAN stendur til boða að nýta annað húsnæði sem Akraneskaupstaður á undir félagsstarf samhliða starfsemi að Kirkjubraut 40, ef félagið vill og/eða þarf að gera einhverjar breytingar á starfsemi sinni.
- Fulltrúum eldri borgara verði tryggð umsagnaraðild á öllum stigum hönnunar.
- Umsókn verður send í framkvæmdasjóð aldraðra þegar þau formlegu gögn sem umsóknarferlið krefst liggja fyrir.
- Mat á búsetuúrræðum fyrir eldri borgara á Akranesi verði hluti af húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar og stefnt verði að því að 85% íbúa 80 ára og eldri getið búið í eigin húsnæði.
- Skoðaður verði sá möguleiki að ráðast í tilraunaverkefni þar sem félagsleg heimaþjónusta, dagdvöl, heimahjúkrun og hvíldarinnlagnir verði sameinaðar undir eina yfirstjórn Akraneskaupstaðar.
- Innleidd verði aukin teymisvinna í heimaþjónustu, dagdvöl og heimahjúkrun.
- Þörf á stuðningsþjónustu við eldri borgara verði endurmetin með hliðsjón af mannfjöldaspá.
- Notast verði við nýjustu tækni í heimaþjónustu til að tryggja trúnað, samfellu og gæði þjónustunnar og gæðaviðmið verði sett fyrir þjónustuna.
- Fulltrúar Akraneskaupstaðar fjalli um þau málefni sem fram komu á íbúáþingi um farsæla öldrun um tengsl ríkis og sveitarfélaga í öldrunarmálum á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga og SSV.
- Starfshópurinn telur að það verkefni að setja fram skoðun um hvernig hann sér heildarþróun í málefnum eldri borgara á Akranesi og nágrenni á næstu árum og til lengri framtíðar, sé það umfangsmikið að það rúmist ekki innan tímaramma starfshópsins.
- Tillaga að samþykkt að öldungaráði liggur fyrir.
- Áframhaldandi vinna við heildarþróun í málefnum eldri borgara verði byggð á niðurstöðum íbúáþings og hugmyndafræði verkefnisins Aldursvænar borgir.